

Velferðarþjónusta Árnesþings

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. 0.01	K/S 11.4.17
Ábm.	Svfr.
Afgr. Gunnar)Bréf ()St.
Lvm.	Trm.

Hveragerði, 5.apríl 2017.

Efni: Beiðni um aukningu á félagslegri liðveislu og akstri íbúa í Skafttholti.

Í Skafttholti búa 8 fatlaðir einstaklingar og fá þar sólarhringsþjónustu í samræmi við þjónustubörf hvers og eins. Sjö þeirra eru með lögheimili í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Þessir einstaklingar eiga allir rétt á félagslegri liðveislu skv. Lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og skv. reglum Velferðarþjónustu Árnesþings um félagslega liðveislu sem samþykktar voru 18.mars 2014.

Í Skafttholti er fyrirkomulagið á þjónustunni þannig að seinni partinn á virkum dögum fer einn starfsmaður með 1-3 íbúa liðveisluferðir. Í þessum ferðum er oft farið á Selfoss þar sem íbúar fá aðstoð við að sinna ýmsum persónulegum erindum auk þess að stunda þar félags- og tómstundastarf. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel og er ástæða til þess að fjölga liðveislutímum til þess að tryggja að allir geti notið fjölbreytts tómstunda- og félagslífs.

Frá því í byrjun árs 2014 hefur sveitarfélagið greitt sjálfseignarstofnuninni Skafttholti fyrir að sinna félagslegri liðveislu við fatlaða íbúa í Skafttholti sem nemur 5 tímum á einstakling. Einnig hefur sveitarfélagið greitt fyrir 600 km akstur á mánuði í tengslum við liðveisluna.

Undirrituð óskar hér með eftir, fyrir hönd 7 fatlaðra einstaklinga sem búa í Skafttholti að liðveislutímum verði fjölgað í 10 tíma á mánuði fyrir hvern og einn, eða 70 tíma í mánuði (70 x kr. 3000= kr. 210.000 x 11 mán. = kr. 2.310.000). Einnig að aksturinn verði aukinn þannig að miðað verði við 10 ferðir í mánuði á Selfoss, eða 920 km í mánuði (920 km x kr. 110= kr. 101.200 x 11 mán.= kr. 1.113.200). Reikna má því með því að heildarkostnaður vegna þessara breytinga verði kr. 3.423.200 á ári.

Ef nánari upplýsinga er óskað veitir undirrituð þær fúslega.

Með bestu kveðju,

Anna Ír Gunnarsdóttir félagsráðgjafi
Velferðarþjónustu Árnesþings.